# JÁRNALÖGN

Stál merkt K er kambstál KS 40 með skriðmörk = 400 $N/mm^2$
Stál merkt KS er suðuhæft kambstál KS 40S með skriðmörk = 400$N/mm^2$
Stál merkt R er slétt stál St 37 með skriðmörk = 240 $N/mm^2$



Endi á járni er beinn

Endi á járni krókbeygist

Járn beygist skeytilengd inn í aðliggjandi vegg eða plötu

Járn í efribrún plötu

Járn í neðribrún plötu

5_K10-30, L=800 — Táknar 5 stangir af 10 mm kambstáli leggist með 30 sm millibili. Klippilengd stanga er 800 sm.



Táknar að járn samsíða pílunni leggist neðst í neðribrún plötu en efst í efri brún plötu

Táknar að járn leggist yfir það svæði sem strikið spannar

Skeytilengd járna í plötum og veggjum sé ekki minni en 40 x þvermál járns, nema annað sé sýnt á teikningum.
Mest má skeyta þriðja hvert járn í sama sniði.
Í súlum og bitum er skeytilengd járna sýnd á teikningum.

Sé annað ekki tekið fram komi 2 K12 í kringum op í plötum eða veggjum sem nái 50 sentimetra út fyrir opið.
Í veggenda komi 2 K12 lóðrétt.




## BEYGING JÁRNA: LYKKJUR

St. 37 eða KS 40S
SJÁ EINNIG ÍST 10 I 6.2

## BEYGING JÁRNA: UPPBEYGJUJÁRN

Beygjuskífa fyrir uppbeygju á langjárnum í súlum, bitum og plötum skal hafa þvermál, d=20 x þvermál járns.




## KAMBSTÁL Í BITUM, BIL MILLI STANGA




# STEINSTEYPA

## BROTÞOLSFLOKKUR STEYPU:

| BYGGINGARHLUTI | BROTÞOLSFLOKKUR | SIGMÁL | FRAMKVÆMDA FLOKKUR |
|---|---|---|---|
| Undirstöðukökur | S 200 | 5-8 sm. | B |
| Sökklar og útveggir | S 250 | 5-8 sm. | B |
| Bendiplötur og svalagólf | S 250 | 3-5 sm. | B |
| Innveggir | S 200 | 5-8 sm. | B |

FRAMKVÆMDAFLOKKUR: SJÁ ÍST 10 I 8

STEYPUVINNA: SJÁ ÍST 10 I 7

LOFTBLENDI: Í ALLA STEYPU SKAL BLANDA LOFTBLENDI ÞANNIG AÐ LOFTINNIHALD VERÐI 5-6%

EKKI SKAL NOTA ÍBLÖNDUNAREFNI Í STEYPUNA ÁN SAMRÁÐS VIÐ HÖNNUÐ BURÐARVIRKIS.

STÆRSTA KORNASTÆRÐ MALAR: 19 mm Í JÁRNBENTUM VEGGJUM.
32 mm Í JÁRNBENTUM PLÖTUM.

## SÉRÁKVÆÐI UM VEÐRUNARÞOLNA STEYPU

STEYPUSTYRKLEIKI ≥ S 250
SEMENTSMAGN Í $1m^3$ STEYPU≥ 300 $kg/m^3$
VATNSSEMENTSTALA v/s ≤ 0.55
LOFTINNIHALD SÉ A.M.K. 5% VIÐ NIÐURLÖGN
FJARLÆGÐARSTUÐULL LOFTS ≤ 0.25 mm

# TIMBURVIRKI

Timburstærðir eru í millimetrum.
Burðarviðir séu í gæðaflokki K24 (Leyfilegt er að nota IV. flokk eða valinn V. flokk).
Límtré sé í gæðaflokki L40.
Sperruefni skal vera beint, húsþurrt og laust við stóra kvisti.
Bera skal fúavarnarefni á alla sperruenda, svo og þær sperrur sem festast eða liggja við stein.
Fúavarnarefnið skal borið á sperrurnar meðan þær eru þurrar.
Þar sem timbur leggst að steinsteypu skal setja eitt lag af tjörupappa á milli.
Allir festihlutir úr járni skulu vera heitgalvanhúðaðir, nema annað sé sýnt á sérteikningu.
Undir allar boltarær sem herðast að timbri komi skífur með þvermál 3 x d og þykkt 0.3 x d, (d er þvermál boltans).

## TENGING JÁRNAGRINDA (d er þvermál járns)

## HORN, TVÖFÖLD GRIND




## HORN, EINFÖLD GRIND




## TÉ. TVÖFÖLD GRIND




# ALMENNT

Hæðir eru í metrum og eru í hæðarkerfi viðkomandi bæjarfélags.




Táknar hæð 10,00 m í sniðmynd.
Táknar hæð á plötu 9,00 m í grunnmynd.
Járnastærðir eru í millimetrum.
Timburþvermál eru í millimetrum.
Táknar að þykkt plötu sé 16 sentimetrar.
Á grunnmyndum af plötum eru snið tekin undir þeirri plötu sem sýna á.

# ÁLAG

LEYFT ÁLAG Á GRUNN: 200 $KN/m^2$(0,2 $MN/m^2$)

SNJÓÁLAG: 2,02 $KN/m^2$(202 $kg/m^2$)
skv. ENV 1991-2-3:1995, grein 5.1 $s=\mu_i\, C_e C_t\, s_k$ þar sem:
gildi snjóálagsstuðulsins $\mu_i$ er 0,8
gildi affoksstuðulsins $C_e$ er 0,6
gildi hitastuðulsins $C_t$ er 1,0
grunngildi snjóálags á jörð $s_k$ er 4,2 $kN/m^2$

VINDÁLAG: 1,52 $KN/m^2$ (152 $kg/m^2$ )

NOTÁLAG: 2,0 $KN/m^2$(200 $kg/m^2$)

# GRUNNUR

Grafið er út fyrir húsgrunni niður á fastan óhreyfðan jarðveg.
Grafa skal jafn langt útfyrir undirstöður og dýpt útgraftar er.
Grunnur skal hreinsaður vel áður en fyllt er í hann.
Fyllt skal í grunn með möl er vélþjappist í vættum lögum. Fara skal eftir fyrirmælum á Rb-blöðum um efni og vinnu við þjöppun.
Þjöppun á fyllingu skal vera 100% Standard Proctor.
Þegar fyllt er innan í sökkla skal þess gætt að fyllt sé báðum megin við sökkulveggi.


ÁRNI GUNNAR KRISTJÁNSSON FTFÍ
HELGAMAGRASTRÆTI 22 600 AKUREYRI S: 462 2022, GSM: 898 3333, kt.: 231161-3849
HM 22 ehf. kt.: 570107-0700, netfang: hm22@est.is


| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| VERKHEITI: SKÓGARHÓLAR 16 DALVÍK | | | | |
| HEITI TEIKNINGAR: ALMENNAR SKÝRINGAR - BURÐARVIRKI | | | | VERK NR Á07-017 / TEIKNING NR 700 |
| HANNAÐ ÁGK | TEIKNAÐ ÁGK | YFIRFARIÐ | DAGS Apríl 2008 | KVARÐI |
| BREYTT | 1 | 2 | 3 | 4 |